

Ed.

360. Breytingartillaga

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Albert Guðmundssyni.

11. gr. orðist svo:

34. gr. orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.